

Mál nr. 23/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 28. september var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 23/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 28. apríl 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hefði gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins án þess að hundurinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dags. 3. maí 2010 og henni gefinn frestur til að andmæla til 31. maí. Þann dag barst rafpóstur frá kærðu og var það sent til umsagnar kæranda sem svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var boðaður sáttafundur í málinu símléiðis þar sem kærða er búsett á Selfossi. Var haldinn símafundur 28. september 2008 þar sem málsaðilar reifuðu sjónarmið sín. Ekki tókust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kunnu að skipta komin fram tók siðanefnd málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu. 13. janúar 2010 var Briard hundurinn Z paraður við Briard tíkina ZZ án þess að þau hefðu gild augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsins. Kærða svaraði kærinni með tölvupósti 31. maí þar sem hún viðurkennir mistök sín fúslega. Hún upplýsti jafnframt að hún hefði tilkynnt stjórn félagsins um mistök sín áður en málið var kært til siðanefndar og fengið aðstoð félagsins til að láta augnskoða hundana.

III. Forsendur

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ sem notar hund sinn til ræktunar að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Briard:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.12.2000).“

Í málinu er óumdeilt að ekki lá fyrir gilt augnvottorð þegar pörun fór fram þann 13. september 2009 en bæði tíkin og hundurinn voru augnskoðuð síðast 20. október 2007. Augnvottorðið var því á þeim tíma sem pörun fór fram 23. mánaða. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af tegundinni Briard skal augnskoðun hafa farið fram og vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Augnvottorð er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundategundarinnar. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða játaði brot sín skýlaust. Þá telur siðanefnd henni það til málsbóta að hafa leitað til félagsins og gert grein fyrir mistökum sínum áður en málið var kært til siðanefndar og var það gert í þeim tilgangi að bæta fyrir mistökin. Enda fékk hún góða aðstoð frá félaginu en á sáttafundi tók hún það sérstaklega fram að hún væri þakklát fyrir þá góðu hjálp sem henni hefði verið veitt og ítrekaði hversu leitt henni þætti að hafa gerst brotleg við reglur félagsins. Þess utan kvað kærða pörunina hafa gerst fyrir slysi. Skoraðist hún þó ekki undan ábyrgð sökum þessa. Framkoma kærðu var til fyrirmyndar og telja verður það henni til tekna. Þá er litið til þess að hundarnir höfðu áður báðir undirgengist augnskoðun án athugasemda. Eins og mál þetta liggur fyrir og þar sem kærða leitaði beint til félagsins þykir siðanefnd ekki tilefni til að áminna kærðu en þess í stað er fundið að háttsemi hennar og lagt að henni að gæta betur að hundum sínum í framtíðinni.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum HRFÍ

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir